

## Viðhengi 2 – Sigrún Jóhannsdóttir

Ég undirrituð, eigandi mýrarstykks úr landi Sveinskots og Litlabæjar, vil leggja inn fyrirspurn/andmæli vegna fyrirhugaðs skipulags á stykkinu.

Ég fagna breytingu sem gerð hefur verið frá fyrra skipulagi þar sem umrætt stykki var skráð íþróttasvæði en hefur nú verið breytt í byggingasvæði að hluta.

Athugasemd mín er, hvers vegna var ekki allt stykkið nýtt í byggingasvæði?

Ég vil benda á að hús/byggingar sem standa á svæðinu eru ekki tengdar hesthúsahverfi og sú notkun sem þar á sér stað, er ekki með mínu samþykki.

Ef fyrirhugað skipulag verður látið standa mun ég krefjast þess að jafnræðisreglu verði gætt og gera þá kröfu að sveitafélagið kaupi svæðið sem út af stendur, hið svokallaða íþróttasvæði.

Bæjarstjóri sagði frá því á kynningarfundum í Flatarskóla að Garðabær hefði keypt Þórukot og í framhaldi af því skipulagt byggingasvæði á landi Þórukots.